

5.12.2008

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/346
komudagur 5.12.2008

Lönaðarnefnd Alþingis.

Siglingastofnun gerir ekki athugasemdir við frumvarpið að öðru leyti en því að Siglingastofnun Íslands er rangnefnd í frumvarpinu þar sem hún er nefnd Siglingamálastofnun, en stofnun með því nafni var lögð niður 1. október 1996 þegar Vita- og hafnamálastofnun og Siglingamálastofnun ríkisins voru sameinaðar í Siglingastofnun Íslands. Óskast þetta leiðrétt. Meðfylgjandi er greinargerð Siglingastofnunar Íslands og Vinnueftirtis ríkisins um verkaskiptingu vinnuverndarmála vegna olíuleitar á Drekasvæðinu.

Kv. - Helgi Jóhannesson


Samgönguráðuneytið
Hafnarhúsinu v/ Tryggvagötu
150 Reykjavík

Kópavogi, 15.10.2008
Tilv. 643/2006 - 020
HG

Efni: Sameiginleg greinargerð Siglingastofnunar Íslands og Vinnueftirlits ríkisins um verkaskiptingu vinnuverndarmála vegna olíuleitar á Drekasvæði.

Meðfylgjandi er greinargerð frá Siglingastofnun og Vinnueftirlitinu sem hafa að beiðni félags- og tryggingamálaráðuneytisins og samgönguráðuneytisins farið yfir verkaskiptingu vinnuverndarmála að því er varðar störf við rannsóknir, leit, vinnslu og flutning á olfu komi til þess síðar.

Virðingarfyllst,
f.h. Siglingastofnunar Íslands



Hermann Guðjónsson

Greinargerð

Efni: Sameiginleg greinargerð frá Siglingastofnun Íslands og Vinnueftirliti ríkisins um verkaskiptingu vinnuverndarmála vegna olíuleitar á Drekasvæði.

Fulltrúar Siglingastofnunar og Vinnueftirlitsins hafa að beiðni félags- og tryggingamálaráðuneytisins og samgönguráðuneytisins farið yfir verkaskiptingu vinnuverndarmála að því er varðar störf við rannsóknir, leit og vinnslu og flutning á olíu komi til þess síðar, á Drekasvæðinu við Jan Mayen-hrygg.

Í skýrslu Iðnaðarráðuneytisins sem gefin var út í mars 2007 um olíuleit á Drekasvæðinu við Jan Mayen-hrygg "Tillaga að áætlun og drög að umhverfisskýrslu vegna útgáfu sérleyfa til leitar, rannsókna og vinnslu á olíu og gasi á norðanverðu Drekasvæðinu við Jan Mayen-hrygg" er í lið 6.3. fjallað um fyrirkomulag öryggis- og vinnuverndarmála. Þar er gert ráð fyrir að þau fyrirtæki sem fá leyfi til að stunda olíuleit eða hefja olíuvinnslu og tengda starfsemi á landrunni Íslands standi vel að skipulagi og framkvæmd öryggis- og vinnuverndarstarfs. Í því sambandi getur verið um að ræða margvísleg atriði sem varða öryggis-, aðbúnaðar og hollustuháttamál starfsmanna og fjallað er um í lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem og í reglum og reglugerðum sem settar hafa verið samkvæmt þeim lögum og Vinnueftirlitið sér um að framfylgja. Í skýrslunni er gert ráð fyrir því að Vinnueftirlitið fái það hlutverk að sjá um að fyrirtækin ræki skyldur sínar að þessu leyti.

Í lið 6.3.1. í skýrslunni er vakin athygli á því að í 2. og 3. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum þar sem fjallað er um gildisvið laganna, er tekið fram að siglingamál og önnur verkefni sem sérstaklega eru falin Siglingastofnun séu undanþegin lögnum. Í 3. gr. er hins vegar gert ráð fyrir að félagsmálaráðherra geti í samráði við forstjóra Vinnueftirlitsins mælt svo fyrir í reglugerð, að vélar og mannvirki eða framkvæmdir, skuli vera háð eftirliti, er lögin mæla fyrir um, enda séu viðkomandi atriði ekki háð öðrum lögum. Til að að taka af allan vafa um að starfsemi sem lýtur að sjálfri olíuleitinni og vinnslu á borþöllum og öðrum mannvirkjum sem ekki teljast skip, sem og sá hluti starfsemi borskipa sem lýtur að borhluta þeirra falli undir gildisvið laga nr. 46/1980, er lagt til í skýrslunni að þeim verði breytt þannig að í 3. gr. þeirra komi inn viðeigandi ákvæði sem tryggi þetta.

Fulltrúar Siglingastofnunar og Vinnueftirlitsins eru sammála um eftirfarandi atriði sem varða verkaskiptingu aðila um öryggis- og vinnuverndarmál:

1. Vinnueftirlitið fer með eftirlit er lýtur að öryggis- og vinnuverndarmálum á borðöllum og öðrum mannvirkjum sem ekki teljast skip hvort sem er á landi eða á sjó. Vinnueftirlitið fer einnig með eftirlit er lýtur að öryggis- og vinnuverndarmálum á borhluta borskipa.
2. Siglingastofnun fer með eftirlit er lýtur að skipum, þó eins og áður greinir fer Vinnueftirlitið með eftirlit með starfsemi borskipa sem lýtur að borhluta þeirra.
3. Siglingastofnun fer með eftirlit með köfun og kafarastörfum.


08.10.2008

Virðingarfyllst,

F.h. Vinnueftirlits ríkisins


Eyjólfur Sæmundsson
Forstjóri

F.h. Siglingastofnunar Íslands


Hermann Guðjónsson
Siglingamálastjóri